

Landafræði

Markmið og sjónarmið

Landafræði er fjölbætt og auðugt svið sem á sér langa sögu. Sem námsgrein býr landafræði yfir þeimum sem tengjast náttúru, menningu, stjórnmálum og sjálfsvitund. Námsgreinin er lagskipt; frá nærsamfélaginu til landsvæða og áfram til þess hnattræna og greinir það sem birtist í hinum mismunandi lögum. Aðferðafræðilega er lögð áhersla á að jörðin sem heild er meira en sem nemur summu hinna einstöku hluta og jafnframt að jörðin sem heild er háð hinum einstöku og einkennandi hlutum hennar. Þess vegna fetar landafræðikennslan í Waldorfskólanum leið frá því heildstæða í nærsamfélaginu til þeirrar almennu einingar sem er jörðin sem vistkerfi og hóbýli manneskjunnar. Leiðin frá nærsamfélagi til þess hnattræna er nálgun sem getur fengið nemendur til að upplifa sig sem heimsborgara með traust tengsl við nærsamfélagið. Sjálfbær umgengni við auðlindir jarðar og heilbrigði jarðarinnar eru mikilvæg þemu fyrir lýðheilsu og færni til að takast á við lífið til lengri tíma.

Tvö meginsvið landafræðinnar, náttúru-landfræði og mannvistarlandfræði, eru bæði til staðar öll grunnskólaárin. Í landafræðinni er samhengið á milli ytri aðstæðna, menningar, stjórnmála og hagfræði miðlægt. Það er fjallað um lífnaðarhætti og samfélög í samhengi við staðbundnar, svæðisbundnar og hnattrænar aðstæður. Út frá náttúrulegum og samfélagslegum forsendum skoðar landafræðin líf og athafnir manneskjunnar; störf, samfélög og stofnanir tengt staðsetningu. Þannig er landafræðin hvort tveggja í senn; útgangspunktur sem og sameinandi þáttur annarra námsgreina. Þetta á við um samfélagsgreinar og náttúrufræði, sérstaklega jarðfræði og veðurfræði en einnig lýðheilsu, trúarbrögð og lífssýn sem og stærðfræði.

Nemendur fá annars vegar að kynnast því hve mikilvæg áhrif umhverfisins eru á mannkynið og hins vegar hvernig mannkynið með athöfnum sínum hefur áhrif á umhverfið.

Umfjöllunarefni landafræðinnar byrjar á nánasta umhverfi nemendanna og víkkar út svið fróðleiks og könnunar eftir því sem árin líða, þar til jörðin sem heild verður umfjöllunarefni fjögur síðustu grunnskólaárin. Fyrstu skólaárin kynnast nemendur samspili náttúru og menningar í frásögnum, vettvangsferðum og í verki. Á miðstigi er aðaláherslan á náttúru-landfræði sem síðan tengist mannvistarlandfræði á unglingastigi.

Landafræði er vettvangur til þess að fjalla um umhverfismál, sjálfbærni og afleiðingar breytinga í náttúrunni af mannavöldum. Fagið gefur innsýn í heimsskipan okkar tíma með tilliti til auðlinda, skiptingu gæða, viðskipti, sögu, stjórnmál og afleiðingar nýlendutímans.

Fagurfræði tengd landafræðinni gefur tilefni til umræðu um upplifun á náttúrufegurð og krafti ásamt því ríkidæmi af upplifunum sem einkenna landslag og staði. Frá ósnortnu votlendi og fornum minjum til kjarnorkuvera og sorphauga gefur umfjöllun landafræðinnar um jörðina ríkulegan efnivið í fagurfræðilega reynslu og hugmyndaauðgi.

Frá hinni fyrstu nálgun á nærumhverfi skólans er unnið með hugtök sem gera nemendum kleift að gera náttúru-landfræði og mannvistarlandfræði skil, bæði út frá staðreyndum og upplifunum. Frásagnir kennarans um einkenni landslags og lífshátta býður upp á mikla breidd í úrvinnslu, umræðum og framsetningu verkefna. Textar eru ritaðir, lesnir og þeim miðlað, kort og önnur myndræn framsetning er sköpuð og túlkuð með samnemendum. Hagnýt og listræn vinna er samofin í gegnum öll grunnskólaárin, það er til dæmis teiknað, málað og mótað, vitnað í bókmenntir og ljóð og þegar fram líður einnig unnið með stafrænar heimildir og framsetningu.

Getumarkmið í landafræði

4. bekkur

Markmið kennslunnar er að nemendur

- Geti tekið þátt í vettvangsferðum í nærumhverfinu og lýst kennileitum og sérkennum náttúrunnar yfir árið.
- Þekki og noti staðarnöfn, götunöfn, nöfn bæja og annarra staða í nærumhverfinu.
- Þekki og geti sagt frá grunn-atvinnuvegum, gömlu handverki og nytjalist búsvæðisins.
- Geti tekið þátt í vinnu við garðyrkju og landbúnað sem og handverk í tengslum við hefðir og það sem búsvæðið býður upp á.

7. bekkur

Markmið kennslunnar er að nemendur

- Geti ákvarðað höfuðáttirnar frá heimkynnum sínum og gert grein fyrir gangi sólar yfir daginn og árið.
- Geti unnið fram kort, allt frá nærumhverfinu til heimsins.
- Geti nýtt sér kort og önnur gögn í sjálfstæð verkefni.
- Geti stuðst við staðfræðikort og notað viðeigandi hugtök til að lýsa landslagi á Íslandi og í Evrópu.
- Geti staðsett og lýst helstu ám, höfum, fjöllum, stöðuvötnum og eyjum allra heimsálfa.
- Kynni sér og geti rætt um samhengi á milli náttúrugæða og mannlífs á mismunandi stöðum.
- Geti lýst loftslagsbeltum jarðar og helstu vistkerfum.
- Kynni sér og geti rætt um málefni tengd sjálfbærni, út frá staðbundnu og hnattrænu sjónarhorni.

10. bekkur

Markmið kennslunnar er að nemendur

- Geti gert grein fyrir landfræðilegum einkennum heimsálfanna og úthafanna.
- Þekki og geti nefnt dæmi um samspil milli lifnaðarháttanna fólks og landfæðilegra forsenda.
- Geti nýtt sér mismunandi gerðir korta, bæði á prenti og stafræn.
- Geti notað mælikvarða og hnit í sjálfstæðum verkefnum.
- Geti gert grein fyrir og rætt um aðgengi að mikilvægum náttúruauðlindum, nýtingu þeirra og þýðingu fyrir heimsviðskipti.
- Geti tengt saman landfræðilega þekkingu við aðrar námsgreinar, svo sem samfélagsgreinar, mannkynssögu og náttúrufræði.
- Geti rætt og lagt mat á samtímamál í tengslum við loftslag og nýtingu, umgengni og vernd náttúrugæða.